


# SJÚKRALIÐINN



## Grafalvar- leg staða

– sjá fréttir af Fulltrúáþingi  
bls. 18-27



**Á DAGSKRÁ** 2

- Einkarekstur án eftirlits
- Sumarlokun á skrifstofunni

**FORMANNSPISTILL** 3

- Alvarleg kynjamismunun

**KJARAMÁL** 4-7

- Sameiginleg kröfugerð Þríeykisins
- Ójöfnuður og ósætti
- Sjúkraliðar á baráttudegi

**SJÓÐIRNIR** 8-10

- Kostir og gallar lífeyriskerfisins
- Styrkur íslenska kerfisins
- Veikleikar lífeyrissjóðanna
- Minni skerðingu, meiri sveigjanleika

**STARFSENDURHÆFING** 11-12

- Á annað hundrad sjúkraliðar hjá VIRK

**STUTTFRÉTTIR** 12

- Minnst hækkun hjá BSRB

**MENNING** 13-14

- Sjúkraliði skrifa bók um Eyvind

**MENNTAMÁL** 14

- Verknám í Randers

**STUTTFRÉTTIR** 15

- Nýja Sjúkraliðatalið
- Veiðileyfi í Norðurá

**DÓMSMÁL** 16-17

- Fullur sigur sjúkraliða

**FULLTRÚAÞINGIÐ** 18-27

- Grafalvarlegt ástand heilbrigðiskerfisins
- Mönnun langt undir öryggismörkum
- Verulega skert lífsgæði
- Mikið álag vegna undirmönnunar
- Ábyrgðar- og áhugaleysi stjórnvalda

**SJÚKRALIÐAÐEILDIRNAR** 28-35

- Bæði saman og alvara
- Sérdeildin með bíókvöld
- Vel sótt námskeið
- Sjúkraliðalundurinn
- Líf án vandamála er leiðinlegt líf
- Fyrirlestrar sem höfðu mikil áhrif
- Mikil fjölgun í Eftirlaunadeild

**AUGLÝSINGAR** 36

- Sumarferðir og Kaupmannahöfn

**FORSÍÐUMYNDIN**

Samninganefndir þríeykisins sem standa saman að kjaraviðræðunum.

# Alvarleg og vaxandi kynjamismunun



Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, skrifar

Kjarasamningar bæði á almenna og opinbera vinnumarkaðinum urðu lausir í mars og apríl síðastliðinn. Hvert stéttarfélag fyrir sig gerir kröfu um að laun félagsmanna verði leiðrétt til samræmis við áður gerða samninga, vænlegri stöðu fyrirtækja og ríkisrekstrar.

Samfélagið hefur lögð stafnanna á milli vegna réttmætrar reiði almennings og stéttir nýta neyðarétt sinn og fara í og/eða boða verkföll til þess að krefjast mannsæmandi launa. Kröfur félaganna eru rökstuddar með ýmsu móti, m.a. að lágmarkslaun komist yfir fátæktarmörk, menntun, ábyrgð og fagmenntun verði metin og svona mætti áfram telja.

Í þeirri orrahrið sem nú hefur gengið yfir, heyrst hins vegar ekki lengur hrópað á launaleiðréttingu vegna kynferðis, kynbundinna starfa eða kynferðislegrar mismununar stétta hvað varða vinnutíma, álag og möguleika á framfærslu. Það getur ekki verið að nú sé svo komið að þeir sem eru í forystu stéttarféлага líti á þetta sem úrelta og úrsérgengna kröfu eða jafnvel tapaða baráttu. Sjúkraliðafélag Íslands og þeir sem eru í forsvari fyrir sjúkraliðastéttina hafa ekki gefist upp og munu áfram berjast fyrir að mannréttindi verði virt á Íslandi og kynbundinni mismunun útrýmt.

Karlastéttum hefur í langan tíma verið gert hærra undir höfði launalega, en kvennastéttum og eftir hrun samfélagsins hefur starfsumhverfi kvenna verið lagt í rúst með skerðingu á starfshlutfalli, auknum akkorðs/stubbavöktum og þar með launalækkun þannig að stór hluti kvenna lendir í fátæktargildru.

Það þarft að skoða sérstaklega hvornig komið er fram við ákveðnar kvennastéttir þegar vinnutíminn er „skipulagður“ og ráðið er í kvennastörf. Það þykir orðið sjálfsgagt að konur, allavega þær sem starfa við heilbrigðisþjónustu, fái ekki 100% starf. Það þykir einnig í lagi að vaktir séu skipulagðar þannig að mætt er jafnoft eða oftar en þegar um er að ræða 100% starf þrátt fyrir skert starfshlutfall. Vaktir eru mislangar, sama konan má þola það að vera skipað að mæta í 10-8-6 eða 4 tíma vaktir allt eftir því hvaða álagsspretti þarf að taka á vaktinni og öðrum duttlungum þeirra er stjórn. Stjórnendur heilbrigðiskerfisins eru allra verstir og ganga lengst í að misbjóða sínu starfsfólki og allt réttlætt í ljósi sparnaðar á peningum. Benda má á að við stjórnun á þessum vinnustöðum starfa konur í miklum meirihluta, sem sjálfar vinna dagvinnu og njóta enn þeirra forréttinda að hafa fengið 100% starf.

Konur eru meirihluti þeirra sem starfa í vaktavinnu á opinberum vinnumarkaði.

Konur verða sjálfar að vakna og skera upp herör gegn þeirri kvennakúgun sem hér líðst enn og er vaxandi á vinnumarkað, þó svo komið sé fram á 21. öldina.

Kröfum SLFÍ, LL og SFR hafa verið með sérstaka áherslu á að vaktavinnukaflinn verði endurskoðaður með það að markmiði m.a. að koma í veg fyrir kvenfjandsamlegt starfsumhverfi, en ekkert hefur þokast.

Staðan í samningaviðræðum þegar þetta er ritað er sú að félögin hafa vísa stjórnun á samningaviðræðum SLFÍ, LL og SFR við ríkið til Embættis ríkissáttasemjara. Það er því ljóst miðað við gang mála að félagsmenn gætu þurft að knýja á viðsemjendur með því eina vopni sem beita má.

**Samstaða er afl sem ekkert fær staði!**

*Stjórnendur heilbrigðiskerfisins eru allra verstir og ganga lengst í að misbjóða sínu starfsfólki*



Samninganefndir Þríeykisins fagna undirritun samkomulags um samstarf stéttarfélaganna þriggja í kjarasamningaviðræðunum.

Þessar tvær fagstéttir gætu unnið saman að gerð næstu kjarasamninga," segir Kristín. „Þegar til kom reyndist ekki vera áhugi á því hjá FÍH að hafa samflot með okkur og þess vegna varð ekkert úr slíku samstarfi. Við töldum engu að síður nauðsynlegt að styrkja stöðu okkar í samningaviðræðunum og undirrituðum því í mars síðastliðnum samkomulag við SFR stéttarfélag í almannajónustu og Landssamband lögreglumanna um samflot í kjaraviðræðunum. Þessi þrjú félög, sem hafa mikið af vaktavinnufólki innan sinna vebanda, eru því með sameiginlega viðræðunefnd, en að baki hennar standa samninganefndir félaganna. Í kjölfarið undirrituðum við svo viðræðuáætlun við ríkið 19. mars síðastliðinn og höfum síðan átt nokkra fundi með samninganefnd ríkisins.

Eitt af því sem ákveðið var á samningafundi Þríeykisins með ríkinu var að setja á fót vinnuhóp til að skoða samsetningu launa. Þar er ætlunin að skoða röðina á okkar fólki og samspil þátta eins og vaktaálags, yfirvinnuálags, kaffitíma, launamismun á milli vinnustaða og fleiri atriða sem sýna okkur hvernig verið er að nýta kjarasamninginn í reynd. Annar vinnuhópur hefur verið að ræða um vaktavinnukaflann."

Á sjötta viðræðufundinum sem haldinn var rétt fyrir miðjan maí lagði samninganefnd ríkisins fyrir viðræðunefnd Þríeykisins plagg um þá línu sem ríkið vill leggja í þessum samningum. „Fyrstu viðbrögð mín voru að með þeirri stefnu sem þar var lýst

væri ætlunin að láta opinbera starfsmenn og þá sérstaklega vaktavinnufólkið fórn á unnum réttindum til að borga fyrir hækkun dagvinnulauna. Það er að sjálfsgöðu ekki

*Þessi þrjú félög eru með sameiginlega viðræðunefnd, en að baki hennar standa samninganefndir félaganna*

okkar stefna að láta þannig reyta fjaðrirnar af vaktavinnufólki," segir Kristín.

### Meginmarkmið kröfugerðar

- Hver eru meginmarkmiðin í sameiginlegri kröfugerð Þríeykisins?

„Við lögðum upp með nokkur meginmarkmið sem eru sameiginleg fyrir öll þrjú félögin," svarar Kristín. „Þessi markmið eru: Að hækka laun, að stytta vinnuvikuna, að tekin verði upp ný launatafla, að útrýma kynbundnum launamun, að endurskoða vaktavinnukaflann, að tekin verði upp launaþróunartrygging, að laun verði leiðrétt á milli opinberra starfsmanna og starfsmanna á almenna markaðinum,

*„Við höfum verið mjög óánægð með framkvæmdina varðandi stuttar vaktir“*

að samið verði um framlag til sérstakrar leiðréttingar eða til endurnýjunar stofnanasamninga og að unnið verði með hverju félagi fyrir sig að sérkröfum þess, en hvert félag er með sex eða sjö slíkar kröfur uppi á borðinu. Þetta eru meginmarkmiðin og af okkar hálfu er byggt á þeirri miklu vinnu sem fram fór innan félagsins við mótnu kröfugerðar sjúkraliða og á stefnu félagsins og BSRB."

Eitt af því sem vekur athygli í þessari upptalningu er „launaþróunartrygging“ og því eðlilegt að spyrja hvað felist í þeirri kröfu.

„Þar horfum við til norrænnar fyrirmyndar sem gerir ráð fyrir að opinberir starfsmenn séu með sambærileg laun við það sem gerist á almenna vinnumarkaðinum," segir Kristín. „Í reynd er það svo á almennum vinnumarkaði að þar er samið um ákveðin kjör í kjarasamningi en síðan er markaðurinn sjálfur að hækka launin. Í launaþróunartryggingu felst að skoðað verði reglulega hvað breytist á almenna markaðinum og að opinberir starfsmenn fái sams konar launabreytingar."

### Vaktir og vinnutímabankar

Undanfarna mánuði hefur Sjúkraliðafélagið verið að vinna að framgangi ýmissa hagsmunamála sem samkomulag varð um í síðustu samningum að kryfja til mergjar, þar á meðal málefni vaktavinnufólks.

„Við höfum verið mjög óánægð með framkvæmdina varðandi stuttar vaktir



Fjöldi sjúkraliða safnaðist saman á Hlemmi þar sem gangan niður á Ingólfstorg hófst, en hún tók um eina klukkustund.



# Gengið undir fánum Sjúkraliðafélagsins

Sjúkraliðar fylktu liði með öðru launafólki á höfuðborgarsvæðinu á baráttudegi verkalyðsins fyrsta maí og gengu undir fánum Sjúkraliðafélagsins niður Laugaveginn.

Safnast var saman við Hlemm um eittleytið og þaðan gengið af stað með lúðrasveit í fararbroddi. Klukkutíma síðar safnaðist

göngufólkið saman á Ingólfstorgi þar sem Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, og Hilmar Harðarson, formaður Samiðnar, héldu ræður dagsins.

Maistjarnan og „Internationallinn“ voru flutt undir lok úti-fundarins.



Sjúkraliðar gengu niður Laugaveginn undir fánum Sjúkraliðafélagsins



Sjúkraliðar í kröfugöngunni fyrsta maí 2015.



Fáni Sjúkraliðafélagsins í fararbroddi.

álitnar lægri en viðunandi sé, samanborið við almennt launastig í samfélaginu.

Líklegt er að þessi óánægja hafi áður átt þátt í ákvörðunum fólks um að fresta lífeyristöku fram yfir venjulegan viðmiðunaraldur lífeyrissjóðanna. Hækkandi lífeyrir gæti orðið sumu fólki hvatning til að fara fyrir á lífeyri en alenggt hefur verið hingað til.

Mælikvarði á það hvort lífeyrir sé talinn ófullnægjandi er sú lækun tekna sem flestir verða fyrir þegar þeir hefja töku lífeyris.

## Munurinn á sjóðunum

2) *Verulegur munur er á lífeyri frá sjóðum opinberra starfsmanna og á almennum vinnumarkaði.*

Nú veita ávinnslustuðlar opinberu sjóðanna að meðaltali um 1,9% lífeyrisrétt af launum og á 40 ára tímabili nemur þetta samtals 76%. Í almennu sjóðunum eru stuðlarnir yfirleitt 1,4%-1,5% og samtalan þá um 56-60%. Í opinbera geiranum hefur þessi mikli munur verið réttlættur með þeim rökum að laun í opinbera geiranum séu lægri en í einkageiranum. Betri lífeyrisréttindi eigi að bæta fyrir þetta.

Hafa verður þó í huga í þessu sambandi að tekjutengingar almannatrygginga minnka mismuninn á milli lífeyris opinberu og almennu sjóðanna að talsverðu leyti. Samanburður tveggja einstaklinga, þar sem annar fær 330 þúsund krónur í lífeyri frá samtryggingarsjóði fyrir skatta og hinn fær 230 þúsund krónur, sýnir að munurinn sem stingur í augu fólks, 100 þúsund krónur í lífeyri frá stoð 2, minnkar í minna en 40 þúsund krónur eftir skatta þegar lífeyrir og uppbætur almannatrygginga hafa verið teknar með í reikninginn.

## Strangar tekjutengingar

3) *Strangar tekjutengingar lífeyris og uppbóta almannatrygginga veikja stuðning við skylduáðild að samtryggingarsjóðum.*

Einstaklingur sem fær 56.350 krónur eða minna í mánaðarlegan lífeyri frá lífeyrissjóðum mun verða fyrir jafnmikilli skerðingu uppbóta frá almannatryggingum, þannig að ekki verður um neina tekjuaukningu að ræða. Sambærilegur þröskuldur fyrir fólk sem fær örorkulífeyri er 20 þúsund krónur.

## Hátt hlutfall fyrir neðan 56% markmiðið

4) *Á óvart kemur hversu hátt hlutfall fólks nær ekki markmiði samtryggingarsjóðanna um 56% lífeyrishlutfall af meðalævitekjum, sérstaklega úr lífeyrissjóðunum á almennum vinnumarkaði.*



Sjúkraliðar á kafi í samningaviðræðum við ríkisvaldið.

## Stefnutillögur frá hagsmunaaðilum

# Minni skerðingu, meiri sveigjanleika

**Kynning á bráðabirgðaniðurstöðum rannsóknarinnar var haldin fyrir hagsmunaaðila lífeyriskerfisins, það er opinberar stofnanir og stærstu vinnuveitenda- og launþegasamtökin. Eftirkynningu voru þátttakendur beðnir að senda tillögur um stefnu til að bregðast við mögulegum veikleikum í lífeyriskerfinu. Hér á eftir fara helstu tillögur og athugasemdir hagsmunaaðilanna sem varða viðfangsefni rannsóknarinnar:**

- Samræma ætti réttindaávinnslu samtryggingarsjóða, SR (hið opinbera) og SI (almenni markaðurinn), með markmið um 76% lífeyrishlutfall af 40 ára tekjum með því að hækka iðgjöld úr núgildandi 12% í 15,5%. Þetta þýðir að SI sjóðir yrðu færðir upp að hlið SR sjóða opinberra starfsmanna.

- SR sjóðir ættu að taka upp aldurstengda ávinnslu í stað jafnrar ávinnslu. Með því væri hætt að flytja réttindi milli kynslóða.

- Tekjutengingar almannatrygginga ættu að leyfa hærri tekjur frá samtryggingarsjóðum áður en til skerðingar lífeyrisuppbóta kemur.

- Auka ætti sveigjanleika í lífeyristöku, þar á meðal að leyfa að taka lífeyri að hluta á móti hlutastarfi og gefa fólki möguleika á að taka hlé frá lífeyristöku til að koma aftur inn á vinnumarkað.

Svör hagsmunaaðilanna sýndu að sátt ríkir um núverandi grunnmynd íslenska lífeyriskerfisins, þar sem engar tillögur komu fram um meiri háttar breytingar. Fyrstu tillögurnar þrjár beinast að sumum

veikleikanna sem lýst er í skýrslunni. Væri farið eftir þeim myndi það hrökkva langt til að tryggja viðtækan stuðning í samfélaginu um lífeyriskerfið. Síðasta tillagan sýnir vilja til að lengja starfsævina, sem leiðir til hærri tekna en lífeyririnn einn myndi veita, en á sama tíma yrði mögulega einnig unnt að ávinna frekari lífeyrisrétt.

Margir af hagsmunaaðilunum sem sendu inn fyrrgreindar tillögur eiga fulltrúa í tveimur stjórnskipuðum nefndum sem hafa kannað mögulegar endurbætur á íslenska lífeyriskerfinu í nokkur ár. Tillögurnar hafa því þegar verið kynntar og ræddar í nefndunum. Á þessu stigi er ekki ljóst hvenær nefndirnar munu kynna niðurstöður sínar og tillögur:

- Í annarri nefndinni hafa stærstu samtökin á vinnumarkaði, bæði í opinbera og einkageiranum, kannað skrefin sem nauðsynlegt er að taka til að samræma samtryggingarsjóðaformin tvö – SR (hið opinbera) með 76% lífeyrishlutfalli og SI (almenni markaðurinn) með 56% markmiði. Þau hafa orðið sammála um að æskilegt sé að ná 76% lífeyrishlutfallinu fyrir alla og aldurstengdri ávinnslu, en vinnan hefur lent í kyrrstöðu vegna erfiðleika við að ná samkomulagi um aðrar breytingar.

- Hin nefndin var sett á laggirnar til að semja drög að lagafrumvarpi um breytingar á almannatryggingum, þar á meðal einföldun á bótaþáttum, aukið samræmi í skilyrðum tekjutenginga og betra samspil við réttindakerfi samtryggingarsjóðanna.

Deiluefni málsins er það hvort sjúkraliðar, sem eru félagsmenn stefnanda og starfsmenn stefnda, sem starfa á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hlíð og á Hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð á Akureyri, skuli teljast vera sjúkraliðar A eða sjúkraliðar B skv. grein 1.3.1 í kjarasamningi stefnanda og Sambands íslenskra sveitarfélaga eins og henni var breytt með 5. gr. samkomulags frá 23. október 2014 um breytingar og framlengingu kjarasamningsins.

Framangreindum ákvæðum er lýst hér að ofan, en ljóst er að verulegar breytingar voru gerðar á því hvornig störf sjúkraliða A og sjúkraliða B eru skilgreind.

Sjúkraliðafélagið byggir máltilbúnað sinn einkum á því að skýra beri hin umdeildu ákvæði samkvæmt orðanna hljóðan. Ljóst sé að starfsmenn stefnda og félagsmenn stefnanda, sem vinna á þeim heimilum stefnda sem lýst er í dómkröfum, falli undir skilgreiningu á sjúkraliða B og beri því að greiða þeim laun samkvæmt því.

Stefndi (Akureyrarbær) vísar til þess að sameiginlegur skilningur aðila kjarasamningsins hafi aðeins verið sá að gera nokkrar orðalagsbreytingar sem hafi aðeins miðað að því að gera ekki lengur greinarmun á launum þeirra sjúkraliða sem annast um aldraða sem eru ósjálfbjarga vegna heilabilunar annars vegar og vegna líkamlegrar vanheilsu hins vegar. Þá hefur stefndi vísað til þess að fram hafi komið í kjarasamningsviðræðum að breytingar á skilgreiningum á sjúkraliða A og sjúkraliða B myndu litlu breyta og aðeins örfáir starfsmenn myndu færast milli flokka. Stefndi kveður jafnframt að í kostnaðarmati vegna umræddra breytinga hafi ekki verið gert ráð fyrir tilfærslum milli A og B flokka sjúkraliða að neinu marki.

Samkvæmt framansögðu skiptast sjúkraliðar í A og B flokka skv. umræddum ákvæðum kjarasamningsins. Stefndi hefur ekki byggt á því að sjúkraliðar þeir sem um ræðir í málinu starfi á vistdeildum hjúkrunarheimila, en fram kom í framburði vitnisins Halldórs Sigurðar Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Öldrunarheimila Akureyrar, að þar eru ekki skilgreindar sérstakar vistdeildir. Að þessu frágengnu geta sjúkraliðar sem starfa á framangreindum hjúkrunarheimilum stefnda ekki fallið undir neinn af öðrum flokkum sem lýst er í A flokki sjúkraliða í kjarasamningsákvæðinu, en ekki er um að ræða starfsmenn í félagsþjónustu, dagvist aldraðra, sambýli fyrir fatlaða eða annað sem lýst er í A flokki í umræddri grein kjarasamningsins.

Í framburði nefnds Halldórs Sigurðar

Guðmundssonar kom fram að á Öldrunarheimilum Akureyrar starfa 104 starfsmenn sem sjúkraliðar. Þar af eru 86 sjúkraliðar sem starfa við hjúkrun eða umönnun aldraðra á hjúkrunardeildum eða hjúkrunarheimili, en allir hafa þeir starfað sem sjúkraliðar í A flokki. Þeim til viðbótar eru 8 sjúkraliðar sem starfa á sérstakri deild fyrir heilablaða, en þeir hafa verið í sjúkraliðaflokki B, en ekki er önnur deildaskipting fyrir hendi.

### „Verulegar breytingar“

Stefndi byggir á því að þrátt fyrir þetta beri ekki að fella umrædda sjúkraliða í B flokk, enda hafi aðeins verið um að ræða orðalagsbreytingu sem ekki hafi verið ætlað að hafa önnur áhrif en þau að sjúkraliðar sem sinna fólki sem er ósjálfbjarga vegna líkamlegrar vanheilsu njóti ekki lakari kjara



Tónleikar á Hlíð. Myndin var tekin þegar Sjúkraliðinn heimsótti heimilið.

en þeir sem sinna fólki sem er ósjálfbjarga vegna heilabilunar. Þá hafi ekki verið gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna þessara breytinga í kostnaðarmati vegna kjarasamningsins. Ekki sér þess stað í umræddum breytingum að þeim hafi ekki verið ætlað að hafa önnur áhrif en stefndi vill meina. Þvert á móti verður ekki betur séð en að verulegar breytingar hafi verið gerðar á ákvæðunum, en sem víkja þó ekki sérstaklega að þeim tilgangi sem stefndi kveður vera þann sem hafi verið að baki. Hafi tilgangur samningsaðila með breytingunum verið sá sem stefndi kveður var rík ástæða til að kveða nánar um það og láta það koma skýrt fram í ákvæðum kjarasamningsins, en í framburði vitnisins Sólveigar Bachmann Gunnarsdóttur lögfræðings kom fram að breytingar á þessum ákvæðum voru ræddar dögum saman á samningafundum. Túlkun stefnda á sér ekki stoð í ákvæðum kjarasamningsins sjálfs. Myndi hún leiða til þess að sjúkraliðar á hjúkrunarheimilum, sem eru sjúkraliðar B skv. ákvæðunum, yrðu ýmist

*Túlkun Akureyrarbæjar á sér ekki stoð í ákvæðum kjarasamningsins sjálfs*

raðaðir sem sjúkraliðar A eða B, án þess að það ætti sér stoð í ákvæðum samningsins. Það er ósannað að mati dómsins að framangreindum breytingum hafi aðeins verið ætlað að hafa þau takmörkuðu áhrif sem stefndi kveður hafa verið ætlunina.

Vegna röksemda stefnda um kostnaðarmat vegna kjarasamningsins er þess að geta að ekki hefur verið leitt í ljós að um hafi verið að ræða kostnaðarmat sem unnið hafi verið sameiginlega af samningsaðilum, heldur hefur þvert á móti komið fram að kostnaðarmatið var unnið af hálfu hagfræðings Sambands íslenskra sveitarfélaga og að hagfræðingur stefnanda hafi haft mjög takmarkaða aðkomu að því. Þá hefur komið fram að ekki hafi verið leitað eftir því sérstaklega að taka tillit í kostnaðarmatinu til þess kostnaðarauka sem af breytingunum

gætu hlotist. Verður að leggja til grundvallar að Samband íslenskra sveitarfélaga hafi ekki sérstaklega kannað hjá sveitarfélögum hvaða áhrif breytingarnar myndu hafa, en í framburði vitnisins Benedikts Þórs Valssonar hagfræðings kom fram að kostnaður allra sveitarfélaga á landinu yrði að líkindum um 35 milljónir króna á ári. Við þessar aðstæður telur dómurinn ekki fært að grundvallar skýringu á ákvæðum kjarasamningsins á kostnaðarmatinu.

Samkvæmt orðanna hljóðan er ljóst að þeir sjúkraliðar sem um ræðir í málinu vinna störf sem falla í flokk B í grein 1.3.1 eins og henni var breytt samkvæmt framansögðu. Það er álit dómsins að stefndi hafi ekki sýnt fram á að þrátt fyrir þetta hafi breytingunum ekki verið ætlað að hafa áhrif samkvæmt orðalagi sínu, en hér er til þess að líta að mikilvægt er að þeir sem greiða atkvæði um kjarasamning geti treyst því að efni hans sé það sem ráðið verður af skýru orðalagi. Má hér jafnframt líta til þeirrar meginreglu sem birtist í 10. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna um að kjarasamningar skuli vera skriflegir, en af því leiðir að greini aðila um efni kjarasamnings skuli hinn ritaði texti lagður til grundvallar.

Verður samkvæmt framansögðu fallist á kröfur stefnanda í málinu.“

mörg sameiginleg hagsmunamál að ræða. Félagsmenn beggja stéttafélaganna stóðu einnig saman að verkfalli til að knýja fram kröfur sínar. Helsta baráttumálið var að félagsmenn SLFÍ og SFR gætu verið öruggir um að réttindi þeirra væru sambærileg réttindum opinberra starfsmanna.

2. júlí 2014 var skrifað undir kjarasamning við Reykjalund.

23. október 2014 var skrifað undir kjarasamning við Samband íslenskra sveitafélaga. Í samningnum varð helst breyting á röðun í launaflokka. Þegar Akureyrarbær hugðist greiða samkvæmt nýja samningnum fannst bænum samningurinn of dýr og túlkaði launaröðunina ekki á sama máta og samninganefnd SLFÍ. Þessi ágreiningur milli samninganefndanna um túlkun kjarasamningsins fór fyrir félagsdóm miðvikudaginn 15. apríl.

22. janúar 2015 var skrifað undir samning við Félag aðstandenda Alzheimerssjúklinga (FAAS). Einnig var skrifað undir kjarasamning við Múlabæ/Hlíðabæ. Sjúkraliðar hjá Múlabæ og Hlíðabæ höfðu áður boðið til tveggja daga verkfalls í febrúar 2015 þar sem erfiðlega gekk að ná fram þeim kröfum sem kjaramálanefnd setti fram.

## Komandi kjarasamningar

Allir kjarasamningar Sjúkraliðafélags Íslands runnu út í lok apríl 2015. Kjaramálanefnd félagsins ákvað mjög snemma á ferlinu að skoða það hvort farið yrði í samningabandalag við fleiri stéttarfélög.

Þann 23. mars sl. var undirritað samkomulag milli Sjúkraliðafélags Íslands, SFR starfsmannafélags í almannaþjónustu og Landssambands lögreglumanna um að vinna sameiginlega að kjarasamningum við ríkið. Unnið var að gerð sameiginlegrar kröfugerðar ásamt sérkröfum hvers félags fyrir sig.

Félögin telja miklar líkur á að fara þurfi í verkfall til þess að ná fram nauðsynlegum leiðréttingum á launum og ýmsum öðrum kjörum og réttindum, þ.e. SLFÍ og SFR, en LL hefur ekki verkfallsrétt.

Fundir með ríkinu hafa þegar hafist. Vinnustaðafundir innan SLFÍ hófust strax uppúr páskum þar sem kröfugerðin og samstarfið er kynnt.

## Verkefni Fræðslunefndar 2014-2015

Fræðslunefndina skipa: Birna Ólafsdóttir, formaður, Jakobína Eygló Benediktsdóttir, Reykjavíkurdeild, Anna Kristín Björgmundsdóttir, Reykjavíkurdeild. Varamaður: Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Norðurlandi eystra.

Fundir í fræðslunefndinni voru 5 formligir,



Hluti fundarmanna á þingi Sjúkraliðafélags Íslands.

auk samskipta á netinu. Varamaður situr alla fundi, ýmist í síma eða á fundarstað. Allir fundir voru haldnir í húsnæði Sjúkraliðafélags Íslands að Grensásvegi 16. Fundarritun annaðist ritari nefndarinnar, Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir.

Helstu verkefni fræðslunefndarinnar á starfsárinu: Mótun menntastefnu BSRB, framhaldsnám sjúkraliða við sérhæfð störf á skurð-, lyflækninga- og innkaupadeildum, umsögn um uppfærða námskrá sjúkraliðabrautar, heimsóknir í skóla, símenntun sjúkraliða, Vinnustaðanáms sjóður og afgreiðsla erinda.

Mótun menntastefnu BSRB: Nefndarmenn fræðslunefndar SLFÍ tóku þátt í vinnudegi fræðslunefndar BSRB þann 28. október 2014 við mótun menntastefnu BSRB og þótti dagurinn afar vel heppnaður. Þátttakendum var skipt í hópa og þeir spurðu fjölmarga spurninga sem þeir unnu síðan með og svöruðu og í lok dags var unnið með tillögum og niðurstöður hópanna. Jafnframt var rætt um sí- og endurmenntun í tengslum við kjarasamninga, trúnaðarmannanámskeið, vinnustaðakynningar stéttarfélaganna og stéttarfélagsvitund. Einnig var rætt um ábyrgð ríkisins á menntun fullorðinna, hlutverk BSRB og markmiðið með menntastefnu.

Framhaldsnám sjúkraliða við sérhæfð störf á skurð- lyflækninga- og innkaupadeildum: Námskrá framhaldsnámsins hefur verið send til mennta- og menningarmálaráðuneytisins eftir umsagnarferli. Vonir standa til að hægt verði að bjóða upp á þetta nýja

nám á vorönn 2016. Námið er enn eitt framhaldsnámið til viðbótar við þau sem fyrir eru fyrir sjúkraliða á fjórða hæfniþrepi. Atvinnulífið hefur óskað eftir þessari menntun sjúkraliða og standa vonir til þess að sjúkraliðar sjái tækifæri í því að sækja sér þessa viðbótarmenntun.

Umsögn um uppfærða námskrá sjúkraliðabrautar: Til fræðslunefndar barst erindi frá starfsgreinaráði heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina að veita umsögn um ný uppfærða námskrá sjúkraliðabrautar. Aðal breytingarnar sem gerðar eru á námskránni eru að nú er náminu breytt í framhaldsskólaeiningar (fein-einingar) í stað eininga. Námið er nú 206 fein-einingar í stað 120 eininga. Er þetta gert samkvæmt nýjum framhaldsskólalögum. Sárálitil breyting var gerð á innihaldi námsins.

Heimsóknir í skóla: Formaður fræðslunefndar heimsótti tvo skóla á tímabilinu, Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og Fjölbrautaskólann við Ármúla. Í báðum þessum heimsóknum fjölmenntu sjúkraliðanemar og líflegar umræður sköpuðust.

Símenntun sjúkraliða: Á þessu starfsári var boðið upp á fjölmörg námskeið hjá Framvegis, bæði á haustönn og vorönn. Mörg ný námskeið voru í boði ásamt eldri námskeiðum sem alltaf eru vinsæl og sjúkraliðar fjölmennar á. Aukning hefur orðið á námskeiðum sem hægt er að taka í gegnum einmenningstölvur og einnig námskeið í fjarkennslu.

Vinnustaðanáms sjóður: Í haust blés ekki byrlega fyrir fjármögnun í Vinnustaðanáms sjóð. Fjármagn var ekki á fjárlögum ríkisins og leit út fyrir að ekki yrði hægt að úthluta úr honum til þeirra vinnustaða og stofnana sem taka nema. Úr því rættist og fékk sjóðurinn 150 milljónir á aukafjárlögum. Mikil ásókn er í sjóðinn

*Öll starfsemi  
heilbrigðisþjónustunnar á  
landinu er undirmönnuð*



Séð yfir fundarsalinn á Fulltrúaþingi Sjúkraliðafélags Íslands sem var haldið í nýrri félagsaðstöðu Sjúkraliðafélagsins.

tvær gönguferðir um hálendi Íslands með farastjóra.

Stjórn Orlofsnefndar mun áfram leggja aðaláherslu á fjölbreytta afþreyingu og ferðir innanlands, en bjóða jafnframt upp á aukna möguleika á gistingu erlendis með íbúðum á Spáni og í Danmörku og boðið verður upp á tvær gönguferðir á Spáni að vori og hausti í farastjórn innlendra, sem tala ensku.

Umhengni og frágangur félagsmanna á orlofshúsum er yfirleitt til fyrirmyndar, en því miður kemur það fyrir að til félagsins berast kvartanir um slæman frágang og kemur þá oftast en ekki í ljós að sjúkraliðar eru að lána tengdum aðilum húsin og er frágangi þá ábótavant. Í versta falli - þegar póstum og hringingum er ekki svarað eftir slíkar kvartanir - hefur stjórn orlofssjóðs látið loka á viðkomandi félagsmenn.

Stjórn orlofsnefndar leggur ríka áherslu á að félagsmenn virði eigin félagsins/sínar og skili þeim til viðtakanda hreinum og óskemmdum, þannig sparast töluverðir fjármunir því annars þyrfti að ráða umsjónarmenn með orlofseignunum. Ákvörðun sem hefði í för með sér verulega hækkun leigugjalda.

Síðastliðið vor var dyttað að öllu því sem orðið var lúíð og þreytt fyrir sumarútleigutíma. Rólar voru lagaðar, hús og pallar málaðir, flikkað var upp á vindskeiðar, rennur og handriði og borið var ofaní aðkeyrslu. Í Munaðarnesi hefur pallurinn/veröndin verið endurnýjuð og stækkuð og máluð. Á komandi vori mun íbúðin á Akureyri verða máluð og uppfærð, baðið í Úthlíð verður endurnýjað og pallurinn

málaður. Kiðjabergshúsin verða máluð og dyttað að því sem þörf er á.

Þegar útleiga orlofskosta félagsins árið 2014 er skoðuð, kemur í ljós að Fellsmúli í Reykjavík, Hamratún á Akureyri og íbúðin í Kaupmannahöfn eru mjög vel nýtt. Fellsmúli er í notkun 323 daga, Hamratún 302 daga og íbúðin í Kaupmannahöfn er í leigu 261 dag. Aðrir kostir eru einnig í mjög góðri notkun.

Umsóknir og úthlutun orlofskosta til félagsmanna eru unnin rafrænt með þar til gerðu forriti, Frímanni. Rafræni kosturinn gerir það að verkum að hver og ein umsókn er borin saman við orlofspunktastöðu umsækjanda, þannig á slík úthlutun að tryggja félagsmönnum trausta og sanngjarna úthlutun. Sótt er um rafrænt og þegar úthlutun hefur farið fram þá er hægt að greiða leigugjöldin strax með millifærslu af Visa reikningi.

Félagið er með samning við tölvuþjónustufyrirtækið Ap Media sem sér um og hantar orlofssíðu félagsins og heldur einnig utan um orlofsúthlutunar tölvukerfi félagsins. Reynslan af því samstarfi er mjög góð.

## Félagssjóðir

Minningarsjóður SLFÍ: Árið 1997 var á vegum Sjúkraliðafélags Íslands stofnaður Minningar- og styrktarsjóður sem

fjármagnaður er með sölu minningakorta og rennur allur hagnaður af sölu kortanna óskiptur til sjóðsins.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja félagsmenn sem eiga í fjárhagserfiðleikum vegna veikinda þeirra sjálfra, maka þeirra eða barna eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum. Sjúkraliðar og aðrir velunnarar stéttarinnar eru beðnir að styrkja Minningar- og styrktarsjóð Sjúkraliðafélags Íslands með kaupum á minningarkortum, ef tilefni er vegna andláts vinar eða ættingja.

Kortin eru til sölu á skrifstofu félagsins. Símar 553 9493 og 553 9494, fax 553 9492. Eins er hægt að fylla út eyðublað á heimasíðunni og senda rafrænt.

Starfsþróunar- og Starfsmenntunarsjóður SLFÍ eru fjármagnaðir með framlagi atvinnurekenda. Sjúkraliðafélagið hefur unnið jafnt með báða sjóðina þegar kemur að úthlutun úr þeim og er þá fyrst lítið til þess hvort sjóðfélagið hafi fyrst nýtt sér styrki úr Starfsmenntasjóði áður en til kemur styrkur úr Starfsþróunarsjóði.

Árið 2014 voru alls greiddir 811 styrkir úr Starfsþróunarsjóði, til einstaklinga að fjárhæð 23.181.128 krónur, og til þriggja sjálfseignastofnanna 217.859 krónur.

Á árinu 2014 voru greiddir út 950 styrkir úr Starfsmenntasjóði að upphæð 13.457.809 krónur.

Fjárhagur sjóðanna hefur staðið undir því að veita sjóðsfélögum allt að 160.000. króna styrk samanlagt úr báðum sjóðum á tveimur árum. Þeir styrkir sem greiddir eru út koma inn aftur að tveimur árum liðnum.

*Baráttan gegn einkavæðingu  
heilbrigðisþjónustunnar  
þarf að vera í fullum gangi*



## Afleiðing fækkunar sjúkraliða

# Mönnun langt undir öryggismörkum

**24. fulltrúaþing SLFÍ hefur þungar áhyggjur af fækkun sjúkraliða í heilbrigðis- og velferðapjónustu.**

Félagið hefur um langt árabíl varað við viðvarandi skorti á sjúkraliðum í heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Umfjöllunin sem verið hefur undanfarnar vikur sýnir að mönnun er langt undir öryggismörkum. Fram kemur að hjúkrunarsjúklingar fái ekki þá faglegu þjónustu sem þeir eiga rétt á, sem veldur verra heilsufari og þar með lélegri lífsgæðum en ella væri.

Þingið leggur áherslu á mikilvægi fullnægjandi mönnunar sjúkraliða fyrir öryggi sjúklinga og gæði þjónustunnar og bendir

á að innlendir og erlendir rannsóknir sýna fram á tengsl milli fjölda sjúkraliða og líðan sjúklinga. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á aukna hagkvæmni í rekstri þar sem mannað er með vel menntuðu og reyndu fagfólki, þannig fækkar mistökum, óvæntum atvikum og legutími styttest.

Notendur heilbrigðisþjónustu þessa lands eiga rétt á þjónustu menntaðra heilbrigðisstarfsmanna, þannig að tryggð sé besta mögulega umönnun/hjúkrun sem völ er á.

*(Samþykkt á 24. Fulltrúaþingi Sjúkraliðafélags Íslands, haldið að Grensásvegi 16, 22. maí 2015)*

þörfum einstaklinga og atvinnulífsins. Hjá Framvegis er lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluáðferðir, sem og jákvæða og lærdómsríka upplifun nemenda af námi. Sérstök áhersla er lögð á að nýta tölvu- og upplýsingatækni á námskeiðum og hafa námskeið kennd í fjarkennslu notið mikilla vinsælda á síðustu misserum. Framvegis hefur hlotið EQM gæðavottun sem staðfestir að miðstöðin starfi samkvæmt evrópskum kröfum um gæði fræðsluáðila.

Unnið er að fjölda þróunarverkefna í samvinnu við samstarfsaðila á hverju ári. Framvegis er með þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og sér um kennslu á vottuðum námskrám fyrir skilgreindan markhóp; einstaklinga 20 ára og eldri með litla formlega menntun að baki. Meðal vottaðs náms sem fram fór á vegum Framvegis árið 2014 má nefna Lyfjagerðarskólann í samstarfi við Actavis, starfsnám stuðningsfulltrúa í samstarfi við Starfsmennt og Skrifstofuskólann í samstarfi við Promennt. Árið 2014 var sérstakt í rekstrarsögu Framvegis þar sem húsnæði miðstöðvarinnar varð illa úti í eldsvoða í byrjun júlí. Flytja þurfti starfsemina tímabundið í annað húsnæði meðan á hreinsun og uppbyggingu húsnæðisins stóð. Með því tókst að koma í veg fyrir rekstrarstöðvun og lágmarka tafir á eðlilegri starfsemi. Starfsemin hófst svo að nýju í Skeifunni 11b að framkvæmdum loknum, í byrjun október 2014.

Eignahald Framvegis tók breytingum á árinu. Hlutdeild Sjúkraliðafélags Íslands í

Framvegis jókst til muna, fór úr 10% í 22%, í kjölfar þess að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja seldi 24% hlut sinn af heildarhlutafé Framvegis þann 11. nóvember 2014. Kaupendur voru tveir, annars vegar SLFÍ, eins og áður sagði, og hins vegar SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu og skiptu þeir eignahlutum jafnt á milli sín. Eigendur Framvegis eru því Sjúkraliðafélag Íslands (22%), SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu (22%), Promennt (49%) og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (7%). Framvegis vinnur í nánú samstarfi við framangreinda aðila, sem og Fræðslusetrið Starfsmennt, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og símenntunarmiðstöðvar um allt land.

Sjúkraliðar voru nú sem áður duglegir að sækja sér starfstengda símenntun. Framvegis sér um framkvæmd símenntunarnámskeiða fyrir Sjúkraliðafélag Íslands eins og áður, í nánú samstarfi við fagráð á vegum félagsins. Fjöldmörg námskeið fóru fram á vorönn og haustönn, bæði í fjarnámi og staðnámi.

## Alþjóðasamstarf

4.–7. júní hélt EPN þing í Helsinki Finnlandi og samhliða því var haldin fagráðstefna sem stjórn félagsins tók þátt í. Á ráðstefnunni komu fram ýmsir fyrirlesarar. Meðal efnis á ráðstefnunni var réttur sjúkraliða

til fullrar starfsþróunar. Í Finnlandi og Luxemborg er fyrst og fremst litið til þess að sjúkraliðar séu ráðnir í fullt starf. Um leið þurfa atvinnurekendur að sjá til þess að starfsmönnum sé gert mögulegt atvinnulega og launalega að vera á vinnumarkaði fram að töku lífeyris. EPN hefur áhyggjur af þeirri þróun sem er í öðrum aðildarlöndunum að þörf atvinnurekenda fyrir sveigjanlegum vinnutíma með stuttum vöktum hafi áhrif á hvíld og afkomu starfsmanna.

Sjúkraliðafélag Íslands er aðili að Evrópu-sambandi sjúkraliða. Á þessu kjörtímabili gegna Norðmenn forustunni í sambandinu. Stjórn sambandsins hefur fundað á árinu bæði í Kaupmannahöfn. Rétturinn til þess að hafa fulla starfsþróun er allra sterkasta krafan EPN í jafnréttisbaráttu kynjanna.

Stjórn félagsins tók þátt í Nordisk Forum í Malmö í Svíþjóð 12.–14. júní. Sú ráðstefna var um kvenréttindi eða mannréttindi. Átta mættu á vegum Sjúkraliðafélagsins en um 20 þúsund gestir voru á ráðstefnunni og þar af um 350 frá Íslandi. Á lokahátíð voru jafnréttisráðherrum Norðurlandanna afhentar formlegar lokaniðurstöður Nord-ískt Forum. Í þessu lokaskjali voru ráðherrarnir hvattir til að virða sáttmála sem skrifað var undir í Peking 1995, en þar lofuðu ríkisstjórnir landanna að virða kynjasjónarmið í öllu sínu starfi og sjónarmiðum.

Í lokaskjalinu voru 63 kröfur sem ríkisstjórnir Norðurlandanna voru hvattar til að bregðast við og þar af voru fimm lykilkröfur.

*Vel hefur gengið að leigja nýju félagsaðstöðuna til félagsmanna*

# Gönguferðir í sumar

## Dagsferð frá Reykjavík

Farið verður frá skrifstofu Sjúkraliðafélagsins að Grensásvegi 16 klukkan 8.30 föstudaginn 4. september. Ferðaáætlun: Reykjavík, Þjórsárdalur, Laugarvatn, Þingvellir, Reykjavík.

Við ökum eins og leið liggur yfir Hellisheiði að Árnesi sem verður fyrsta stopp. Höldum þaðan upp Þjórsárdalinn og skoðum Hjálparfoss, einn af þekktustu áningarstöðum í Þjórsárdal. Stuðlabergið við fossinn myndaðist við snögga vatnskælingu Þjórsárdalshraunsins þegar það rann um Gjána og niður dalinn fyrir u.þ.b 4000 árum.

Eftir að hafa skoðað og notið innsta hluta Gjárinnar förum við yfir Rauða og göngum niður að Stöng í Þjórsárdal, en þar eru uppgrafnar rústir sem byggt hefur verið yfir til varðveislu. Göngulengd 2,4 km, 1 til 2 klukkustundir.

Lagt af stað í átt að Laugarvatni. Kvöldmatur í Efstadal, sem er fjölskyldurekinn sveitabær á milli Laugarvatns og Geysis. Ekið um Lyngdalsheiði, Þingvelli og til Reykjavíkur. Áætluð heimkoma klukkan 21.00.

Innifalið: Rúta og leiðsögn. Kvöldmatur í Efstadal. Ekki innifalið: Nesti fyrir daginn.

**Verð 5000 krónur á félagsmann.**

## Dagsferð frá Akureyri

Lagt verður af stað í dagsferð frá Akureyrarflugvelli klukkan 8.30 þann 10. júlí næstkomandi. Ferðaáætlunin: Akureyri, Húsavík, Ásbyrgi, Hljóðaklettar, Dettifoss, Mývatn, Akureyri.

Ekið verður frá flugvelli á Akureyri norður Svalbarðsströnd austan Eyjafjarðar og yfir Víkurskarð. Komið er niður í Fnjóskadal og ekið gegnum Ljósavatnsskarð að fyrsta stoppi í ferðinni sem er við Goðafoss. Ekið til Húsavíkur, stutt stopp þar. Ferðinni haldið áfram um Tjörnes í Ásbyrgi. Gengið að Botnstjörn innst í Ásbyrgi.

Í Jökulsárgljúfrum eru samankomnar nokkrar af helstu perlum íslenskrar náttúru. Ekið verður vestan megin Jökulsár í Vesturdal. Gengið um Hljóðakletta 3ja kílómetra hringleið, gangan tekur 1 til 1,5 klukkustund. Ekið að Dettifossi. Gangan að fossinum tekur u.þ.b 10 mínútur hvora leið.

Leiðin liggur nú til Mývatns þar sem farið verður í Jarðböðin og borðaður kvöldmatur. Komið við í Dimmuborgum, stutt ganga þar, og síðan ekið til baka til Akureyrar þar sem ferðinni lýkur klukkan 21:00.

Innifalið: Rúta og leiðsögn. Kvöldmatur. Aðgangur að Jarðböðunum Mývatni. Ekki innifalið: Nesti fyrir daginn.

**Verð 5000 krónur á félagsmann.**

## Haustleiga orlofshúsa



Sjúkraliðafélag Íslands

Félagsmenn Sjúkraliðafélags Íslands eiga kost á haustleigu í sex orlofshúsum innanlands, íbúðum á Akureyri og í Reykjavík og íbúð í Kaupmannahöfn. Nú þegar er opið á orlofsvefnum fyrir bókanir í Kaupmannahöfn út yfirstandandi ár, en frá 17. september kl. 13.00 verður hægt að bóka fyrir allt árið 2016. Þann 20. ágúst nk. kl. 13.00 verður opnað fyrir bókanir innanlands vegna leigu á tímabilinu 11. september til 4. janúar 2016.

### Verð innanlands:

- Vikuleiga frá föstudegi til föstudags . . . . . 20.000 krónur
- Helgarleiga frá föstudegi til mánudags . . . . . 13.000 krónur
- Virkir dagar . . . . . 3.000 krónur
- Jól frá 21. desember til 28. desember . . . . . 20.000 krónur
- Áramót frá 28. desember til 4. janúar . . . . . 20.000 krónur

Leiga um jól og áramót kostar einnig 24 orlofspunkta.

Dagsleiga er á íbúðinni í Kaupmannahöfn (hámark 7 dagar) og kostar hver dagur 11.000 kr.

### Bókanir

Félagsmenn bóka sjálfir og ganga frá greiðslu í gegnum orlofsvef slfi.is. Þegar því er lokið fá þeir kvittun og leigusamning sendan á það netfang sem skráð var við bókunina. Þeir sem einhverra hluta vegna hafa ekki tök á að bóka sjálfir geta haft samband við skrifstofu SLFÍ og fengið aðstoð. Símar á skrifstofunni eru 553 9493 og 553 9494.

### Leiga á sængurfatnaði

Leigutökum íbúðanna í Reykjavík og á Akureyri býðst að leigja sængurfatnað og handklæði.



Hægt er að bóka á orlofsvef SLFÍ gistingu í Kaupmannahöfn út árið. Frá 17. september verður hægt að bóka fyrir allt árið 2016.



Frá og með 20. ágúst verður hægt að bóka haustleigu í bústöðum og íbúðum félagsins.